

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík 12. maí 2015  
UST201505-053/R.B.  
04.04

**Efni:** Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda - 184. mál

Umhverfisstofnun telur jákvætt að skipuð verði sérfræðinganefnd til að fjalla um og skilgreina hugtakið auðlind. Þó telur stofnunin mikilvægt í ljósi þess hve auðlindaréttur er nátengdur umhverfisrétti að hópurinn verði einnig skipaður sérfræðingum á sviði umhverfisfræða og umhverfisréttar.


Stofnunin gerir ekki ráð fyrir að hægt verði að skilgreina hugtakið auðlind með tæmandi hætti þar sem auðlindir hljóta ávallt að vera tengdar því sem hægt er að nýta með þeirri tækni og þekkingu sem fyrirfinnst á hverjum tíma.


Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð með þingsályktuninni er fjallað um náttúruauðlindir Íslands en í texta þingsályktunartillögunnar er notast við orðið auðlindir, sem hefur víðtækari skírskotun og mikilvægt að skýrt komi fram í ályktuninni sjálfri um hvað er fjallað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í texta þingsályktunartillögunnar verði einnig tekið fram það markmið sem ná á fram með þingsályktuninni.

Umhverfisstofnun telur að lokum mikilvægt að við frekari vinnslu verði horft sérstaklega til þingsályktunar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi og þeirrar aðgerðaráætlunar sem gerð var í kjölfarið enda er það mikilvægt að mati stofnunarinnar að ætíð sé horft til þess við gerð stefnumótandi áætlana.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
René Biasone  
Teymisstjóri